



Starfsreglur landskjörstjórnar

1. gr.

Um landskjörstjórn

Landskjörstjórn er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem hefur yfirumsjón með framkvæmd kosninga og annast framkvæmd kosningalaga. Um hana gilda kosningalög nr. 112/2021.

Ráðherra skipar fimm menn í landskjörstjórn og jafn marga til vara skv. 12. gr. kosningalaga. Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, þ. á m. formann landskjörstjórnar, og tveir skulu tilnefndir af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Með landskjörstjórn er í reglum þessum átt við hina sjálfstæðu stjórnarsýslunefnd.

Landskjörstjórn skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn sbr. 13. gr. kosningalaga. Formaður og framkvæmdastjóri skulu hafa reglulegt samráð sín á milli.

Um vanhæfi landskjörstjórnar fer eftir kosningalögum.

Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar út á við og framkvæmdastjóri eftir því sem við á.

Formaður kynnir hlutverk, helstu verkefni og starfsreglur þessar fyrir nýjum fulltrúum í landskjörstjórn.

2. gr.

Fundir og fundargerð

Formaður boðar til funda en getur falið framkvæmdastjóra að gera það í umboði sínu. Dagskrá skal fylgja fundarboði.

Landskjörstjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði en oftast ef þörf krefur. Formanni ber að kalla saman fund innan viku ef fulltrúi í landskjörstjórn óskar þess. Mál skal tekið á dagskrá ef einn eða fleiri fulltrúar óska þess. Mál sem ekki er tilgreint í boðaðri dagskrá fundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis fullskipaðrar landskjörstjórnar.

Til fundar skal boða með minnst viku fyrirvara, en þó getur formaður ákveðið skemmri frest ef þörf krefur. Landskjörstjórn getur einungis ályktað ef meirihluti landskjörstjórnar sækir fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála.

Heimilt er að ljúka afgreiðslu mála með rafrænum hætti á milli funda. Um þá málsmeðferð og afgreiðslu skal bóka á næsta fundi landskjörstjórnar.

Formaður stýrir fundum og ákveður dagskrá þeirra í samráði við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri undirbýr og situr fundi landskjörstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Fundargögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum á sameiginlegu vefsvæði landskjörstjórnar. Að jafnaði skulu fundargögn vera tiltæk a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir boðaðan fund.

Fundir landskjörstjórnar skulu haldnir á skrifstofu landskjörstjórnar. Heimilt er að funda annars staðar eða með fjarfundarbúnaði ef æskilegra þykir.

Sjái aðalmaður fram á fjarveru á fundi eða hann er vanhæfur skal hann láta formann og framkvæmdastjóra vita sem boðar varamann í hans stað.



Starfsmaður landskjörstjórnar ritar fundargerð. Í fundargerð skal bóka um þau málefni sem rædd eru á fundinum og þær ákvarðanir sem teknar eru. Sé fundargerð færð í tölvu er heimilt að undirrita fundargerð með fullgildri rafrænni undirskrift.

Fundargerðir skulu birtar á vef landskjörstjórnar eftir samþykkt þeirra og varðveittar í málaskrá landskjörstjórnar.

Sé ekki annað ákveðið í lögum eru fundir landskjörstjórnar lokaðir öðrum en landskjörstjórn, starfsmönnum landskjörstjórnar sem boðaðir eru á fundi og eftir atvikum gestum.

3. gr.

Helstu verkefni landskjörstjórnar

Helstu verkefni landskjörstjórnar eru sbr. 14. gr. kosningalaga að:

- a. birta auglýsingar um undirbúning, framkvæmd og tímasetningu kosninga,
- b. útbúa kjörgögn, sbr. þó 2. mgr. 64. gr.,
- c. veita almenningi, frambjóðendum, fjölmiðlum, kjörstjórnnum og öðrum sem annast framkvæmd kosninga upplýsingar, fræðslu og leiðbeiningar,
- d. hafa samvinnu og samráð við viðeigandi aðila, félagasamtök og stofnanir við undirbúning og framkvæmd kosninga,
- e. birta niðurstöður kosninga opinberlega,
- f. stuðla að kosningarannsóknnum og framþróun kosningaframkvæmdar,
- g. veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf um kosningar og gera tillögur til ráðherra um útgáfu reglugerða um nánari framkvæmd einstakra ákvæða laga þessara,
- h. taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði kosningamála,
- i. vinna önnur verkefni sem tengjast stjórnslu kosninga samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár, laga þessara eða annarra laga.

Við sveitarstjórnarkosningar annast yfirkjörstjórn sveitarfélags, sbr. 17. gr. kosningalaga, verkefni skv. a-, b- og e-lið 1. mgr. Auk landskjörstjórnar sinnir yfirkjörstjórn sveitarfélags einnig verkefnum skv. c-lið við sveitarstjórnarkosningar.

Á fundum sínum fjallar landskjörstjórn einnig um:

- umsagnir um lagafrumvörp sem óskað er eftir,
- tillögur að reglugerðum, reglum og fyrirmælum sem landskjörstjórn setur.

Landskjörstjórn skal samþykkja ársskýrslu og aðrar skýrslur hennar, sem og annað efni sem gefið er út í nafni landskjörstjórnar.

Landskjörstjórn skal fjalla um framkvæmd kosninga og álitafni þeim tengdum og móta stefnu og áherslur skrifstofu sinnar,

Framkvæmdastjóri og annað starfsfólk annast í umboði landskjörstjórnar daglega framkvæmd og stjórn þeirra verkefna sem henni eru falin.

4. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

Landskjörstjórn er bundin þagnar- og trúnaðarskyldu í störfum sínum um þau málefni sem trúnaður skal ríkja um. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt maður víki úr landskjörstjórn.

Í störfum sínum fer landskjörstjórn eftir almennum siðareglum starfsmanna ríkisins.



5. gr.

Eftirlit með fjármálum og rekstri skrifstofu

Landskjörstjórn hefur eftirlit með rekstri og starfsemi skrifstofunnar. Framkvæmdastjóri leggur fyrir landskjörstjórn tillögu um rekstraráætlun fyrir næsta rekstrarár og annast samskipti við ráðuneyti og fjárveitingarvald vegna fjárveitinga til landskjörstjórnar. Framkvæmdastjóri skal gera landskjörstjórn grein fyrir rekstrarstöðu landskjörstjórnar eigi sjaldnar en hálfárslega.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. mgr. 12. gr. kosningalaga og skulu endurskoðaðar árlega.

Samþykkt á fundi landskjörstjórnar 23. mars 2023.

Kristín Edwald (sign.)

Ebba Schram (sign.)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)

Ólafía Ingólfssdóttir (sign.)